



Skilmálar - Þriggja ára ábyrgð á In Win tölvum

Um leið og við óskum þér til hamingju með nýju tölvuna þá viljum við benda á einfalda skilmála sem fylgja 3ja ára ábyrgðinni.

1. Ábyrgðin gildir:
 - a. aðeins um tölvuna sjálfa og íhluti hennar, ekki aðra hluti sem keyptir eru með.
 - b. aðeins ef galli kemur í ljós m.v. eðlilega notkun við eðlilegar aðstæður.
 - c. aðeins um vélbúnað. Gögn og hugbúnaður eru aldrei innan ábyrgðar.
 - d. aðeins ef 3ja ára ábyrgð er tilgreind á reikningi fyrir kaupunum.
 - e. aðeins um In Win tölvur seldar frá og með 1. Nóvember 2014.
 - f. aðeins ef tölvan er samsett af tæknimönnum Tæknibæjar.
 - g. í þrjú ár frá dagsetningu reiknings (fyrirtæki og einstaklingar)
2. Ábyrgðin fellur úr gildi:
 - a. ef tölvan skemmist vegna illrar meðferðar eða hafi hún orðið fyrir hnjaski.
 - b. ef rekja má bilun til mikillar rykmyndunar. Við mælum með rykhreinsun árlega.
 - c. ef rekja má bilun til rakaskemmda.
 - d. ef rekja má bilun til yfirklukkunar (overclocking) á íhlutum, svo sem örgjörvum og skjákortum.
 - e. ef aðrir en starfsmenn Tæknibæjar eiga við vélbúnað tölvunnar án okkar samþykkis.
3. Nær ekki yfir afleiðingar tjóns sem leiða kann af bilun, svo sem gagnatap eða töpuðum hagnaði.
4. Ábyrgðaviðgerð verður að fara fram á verkstæði Tæknibæjar á opnunartíma þess.
5. Allar breytingar og/eða viðbætur á ábyrgðartíma þurfa að fara fram á verkstæði Tæknibæjar.
6. Ábyrgðaviðgerðir á In Win tölvum fá forgang yfir önnur verkstæðismál, nokkurra daga bið getur þó myndast.